



Þín íslenska er málið

Almennarómur er miðstöð máltækni og hefur frá árinu 2014 búið íslenska tungumálinu framtíð í tækni.

Við erum að leggja af stað með átak og biðlum til ykkar að taka þátt í því með okkur. Átakið miðar að því að stækka risamálheildina, miðlæga grunnstöð máltækni á íslensku.

Um er að ræða heimildasöfnun þar sem Almennarómur leitar til íslenska atvinnulífsins. Við óskum eftir textum og skjölum fyrirtækja, heimildum um þá raunverulegu málnotkun sem á sér stað í dag.

Heimildasöfnunin snýr að óviðkvæmum gögnum frá fyrirtækjum sem endurspeгла daglegt starf og ferla þeirra, til dæmis starfsmannahandbókum, innri verklagsreglum og leiðbeiningum, almennum samningsformum ef við á, árs- og uppgjörsskýrslum eða rekstraryfirlitum sem ekki eru þegar opinber, og öðrum textum sem þið eruð tilbúin til að deila. Þið stjórníð því alfarið hvaða efni þið deilið. Samhliða þessu myndum við óska eftir leyfi til að sækja reglulega sjálfvirk texta af opinberum vef þíns fyrirtækis.

Með þessum hætti fáum við inn í risamálheildina raunsanna mynd af íslensku atvinnulífsins sem mun stuðla að enn nákvæmari tæknilausnum fyrir vikið. Fjölbreytt orðasöfn sem tengjast mismunandi atvinnugreinum færa okkur skrefinu nær því að tæknin verði reiprennandi í þinni íslensku.